

# Sindri Snær

Til elsku litla Sindra Snæs  
frá ömmu

Lag og texti:  
Margrét Ólafsdóttir



Syng ég fyr--ir Sindr-a Snæ, sól ---in roð--ar fjöll og sæ,



er hann leið---ir al---valds hönd inn í draum-a-----lönd.

Hjúfrar lítill hnokki sig  
í hálsakoti' og faðmar mig.  
Enga gleði unginn minn  
ég unaðslegri finn.

Elsku blíða barnið mitt  
bið ég þess við rúmið þitt  
að hið bjarta englalið  
æ sé þér við hlið.

